

acetylen
propan



mjög eldfimt

Vinna við logsuðu og logskurð

Viðvörðun

súrefni



eldnærandi

Röng notkun gastækja getur valdið slysum og eldsvoða.

Gastæki skulu aðeins notuð af þeim sem með þau kunna að fara og hafa kynnt sér þær hættur sem af þeim getur stafað og þekkja rétt viðbrögð við þeim.

Helstu öryggisatriði:

1. Olía eða feiti má ekki undir neinum kringumstæðum komast í samband við súrefni undir þrýstingi, það getur valdið sjálfsíkveikju og sprengingu.
2. Við logskurð geta glóandi gjallkúlur borist langar leiðir og valdið íkveikju.
Því skal slökkvibúnaður ávallt vera tiltækur.
3. Logað getur upp í tækin, slöngurnar og jafnvel gashylkið. Í slíkum tilfellum skal ávallt loka samstundis fyrir bæði hylkin. Ef gashylkið fer að hitna skal kæla það með vatni og koma því á öruggan stað meðan það er ekki meira en handheitt og kalla til slökkvilið. Til að draga úr þessari hættu er gerð krafa um að einstreymislokar séu á gas- og súrslöngum við suðuhandföng og ennfremur bakslagslokar við gashylki (acetylen eða propan).
4. Hylki skulu varin miklum hita, m.a. sterku sólskini. Við eldsvoða skulu hylki flutt á öruggan stað.
5. Standandi hylki skulu vera í öryggisfestingum, bæði tóm og full. Ávallt skal gengið frá acetylen og propan gashylkjum í uppréttri stöðu.
6. Pakkningar og tengibúnaður gas- og súrhylkja og viðkomandi tækja skulu vera af viðurkenndri gerð og tryggt að hann sé ætíð þéttur. Leki á tækjum, slöngum eða hylkjalokum getur valdið sprengingu.
7. Stilliskrúfa þrýstiminnkara skal vera það mikið skrúfuð út að ekki sé þrýstingur á þindinni þegar hann er tengdur við hylki. Annars skapast hættu á að þrýstingurinn sprengi mæla eða slöngur.
8. Hylki skulu meðhöndluð með varúð og varin gegn veltu, falli og hindrað að þau verði fyrir hnjaski eða höggum. Röng eða harkaleg meðferð á hylkjum getur valdið stórslysi.
9. Þegar notkun tækjanna lýkur, skal ávallt loka fyrir bæði hylkin. Við flutning hylkja skulu þau ávallt vera lokuð og með áskrúfaðri hlífðarhettu.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS